



Stykkishólmur



Styrking leikskólans

STYKKISHÓLMUR

Anna Magnea Hreinsdóttir - HI
HÁSKÓLI ÍSLANDS |

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skólastefna Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.....	3
Leikskólinn í Stykkishólmi	4
Styrking leikskólastarfs í Stykkishólmi	5
Tækifæri og áskoranir.....	5
Samráðsfundur um styrkingu leikskólans í Stykkishólmi.....	5
Niðurstöður	7
Styrkleikar leikskólastarfsins	7
Veikleikar leikskólastarfsins.....	7
Ógnanir við leikskólastarf	8
Tækifæri til að styrkja leikskólastarfið.....	8
Tillögur til úrbóta.....	9
Lokaorð.....	10
Heimildir	11

Inngangur

Þörf hefur verið á því að styrkja leikskólastigið á Íslandi á undanförunum árum. Árið 2020 var stofnaður starfshópur á vegum menntamálaráðherra sem skilaði af sér [lokaskýrslu](#) árið 2021 um styrkingu leikskólastigsins. Hópurinn lagði fram fjölpættar tillögur um hvernig efla megi skólastarf á leikskólastigi, meðal annars um endurskoðun á aðalnámskrá leikskóla, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla og byggingarreglugerð. Taldi starfshópurinn að tillögurnar, ásamt skýrari ramma, fjölgun undirbúningstíma og styttingu vinnuvikunnar jafna starfsaðstæður milli skólastiga. Nú stendur yfir kynning á [endurskoðun aðalnámskrá](#), en ekki hafa verið gerðar breytingar á reglugerðum. Leiðarljós í starfi og tillögum hópsins voru að hagsmunir barna væru hafðir í forgrunni í öllu starfi leikskóla, og að byggt væri á bestu þekkingu hverju sinni. Fram kom í skýrslunni að til að ná því markmiði að bjóða bestu mögulegu námsskilyrði fyrir leikskólabörn væri mikilvægt að fjölga starfandi leikskólakennurum og stuðla að öflugri starfsþróun alls starfsfólks í leikskólum. Aukin gæði og fagmennska styrki starf leikskólanna og auki vægi þeirra sem eftirsóknarverðra vinnustaða. Ýmis sveitarfélög, svo sem [Hafnarfjarðarbær](#) og [Kópavogsbær](#) hafa gripið til aðgerða til að styrkja leikskólastarf. Kallað hefur verið eftir aðgerðum til að styrkja leikskólastarf í Stykkishólmi í kjölfar endurskoðun skólastefnu sveitarfélagsins og er í þessari skýrslu fjallað um samráðsfund um styrkingu leikskólans í Stykkishólmi sem haldinn var í ágúst 2023 og þær tillögur sem þar voru lagðar fram til að styrkja leikskólastarfið.

Stykkishólmur, 26. ágúst 2023

Anna Magnea Hreinsdóttir amh@hi.is



Skólafestna Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar

Skólafestna fyrir Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit var endurskoðuð fyrir árin 2022-2027 sem finna má [hér](#). Skólafestnan byggir á niðurstöðum funda sem haldnir voru með stýrihópi verkefnisins, með nemendum Grunnskólans og Tónlistarskólans, leikskólabörnum, starfsfólki skólanna tveggja, auk þess sem efnt var til íbúafundar sem um 30 íbúar tóku þátt í. Þá byggir skólafestnan á ýmsum gögnum, svo sem skólanámskrám, sjálfsmatskýrslum, umbótaætlunum og niðurstöðum Skólafélagsins.

Fram kemur í skólafestnunni að góð starfsaðstaða er í leikskólanum, skólinn um margt vel búinn og starfsumhverfið fjölbreytt og fallett. Börnunum líður vel, starfið er fjölbreytt og uppeldisstarf markvisst. Leikur, sjálfstyrking, málörvun og skapandi starf eru í öndvegi í leikskólastarfinu þar sem meðal annars er byggt á fjölgreindakenningu Howards Gardners og nálgun, sem sótt er til hugmyndafræði Reggio Emilia stefnunnar, þar sem áhersla er á val, könnunaraðferðir og skapandi vinnu barnanna með opinn efnivið. Ný listasmiðja, skapar leikskólanum svigrúm til að efla enn frekar skapandi starf (Endurskoðuð skólafestna fyrir Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit 2022-2027).

Brýnt er að finna leiðir til að laða fleiri fagmenntaða leikskólakennara að leikskólanum. Meðal þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið er aukin samræming vinnutíma og leyfa á stigunum tveimur, sem og að bæta aðstöðu. Eins þarf að skapa starfsfólk leikskólans aukið svigrúm til faglegrar samvinnu, til dæmis með fjölgun starfsdaga. Áriðandi er að skólafestnan sé virk og að henni sé fylgt eftir.



Mynd 1: Frá samráðsfundi í leikskólanum í Stykkishólmi

Leikskólinn í Stykkishólmi

Árið 1957 stofnuðu St. Franciskussysturnar í Stykkishólmi leikskóla í hluta af húsnæði St. Franciskusspítalans. Árið 1967 var ráðist í það að byggja hús samtengt spítalanum til að hýsa leikskólann. Í þeirri byggingu fór starfsemin fram þar til í janúar 2007. Stykkishólmur tók alfarið við leikskólanum 40 árum eftir stofnun hans eða árið 1997. Nánar má lesa um sögu Leikskólans í Stykkishólmi á [heimasíðu skólans](#).

Skólanámskrá leikskólans má finna á [heimasíðu hans](#) og er hún frá árinu 2016. Virðing – Gleði – Kærleikur eru gildin sem einkenna samskipti og allt starf leikskólans. Eins og fyrr segir styðst leikskólinn við fjölgreindakenningu Howards Gardners og nálgun, sem sótt er til hugmyndafræði Reggio Emilia, en byggir einnig á kenningum margra fræðimanna eins og Jean Piaget, John Dewey og Lev Vygotsky. Félagsleg hugsmíðahyggja er meðal annars kennd við þessa fræðimenn, en hún leggur áherslu á að:

- barnið sé virkt í þekkingarleit sinni og að það læri meira og betur í samvinnu við aðra en eitt og sér,
- tekið sé tillit til reynslu og þekkingar barnsins, þar sem það byggir nýja þekkingu ofan á þá sem fyrir er,
- námsumhverfið sé auðugt, hvetjandi og opið,
- verkefni og sköpun barnsins þurfi að vera áþreifanleg þannig að barnið geti sýnt það öðrum og kynnt, t.d. með afurð eða skráningu,
- hlutverk kennarans sé að styðja, hvetja og leiðbeina barninu, ásamt því að skapa gott námsumhverfi og vera góð fyrirmynd.

Stefna Leikskólans í Stykkishólmi er að vera með öflugt og metnaðarfullt starf sem styrkir sjálfstraust og trú barna á eigin getu, styrkir sjálfsmýnd þeirra og stuðli að því að þau verði virkir þegnar í lýðræðissamfélagi sem ber virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru. Litið er á börn sem virka, hugmyndaríka og skapandi einstaklinga sem taka öflugan þátt á sínum forsendum í lærdómssamfélagi leikskólans og byggir upp þekkingu sína í samvinnu við fullorðna og önnur börn.

Markmið leikskólans eru meðal annars:

- að styrkja sjálfsmýnd barna með því að ýta undir virkni þeirra,
- að vera með lýðræðislegt starf þar sem börn hafa áhrif á umhverfi sitt og viðfangsefni,
- að ýta undir sköpunarmátt barna og frumkvæði,
- að gildi leikskólans; virðing, gleði og kærleikur flæði um í leik og starfi skólans.

Styrking leikskólastarfs í Stykkishólmi

Samráðsfundur var haldinn um innleiðingu skólastefnu Stykkishólmsbæjar í ágúst 2023. Samkvæmt skólastefnunni (Stykkishólmsbær og Helgafellssveit, 2022) er markmið bæjarins að skóla og frístundastarf einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Velliðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur á að vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna og frístundastarfsins, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti. Þá skiptir máli að nýta þau sóknarfæri sem felast í að tengja námið einstöku umhverfi og atvinnulífi í sveit og bæ, fjölbreyttri og um margt einstakri náttúru, nálægð við strönd, eyjar og haf og merkilegri og viðburðaríkri sögu.

Tækifæri og áskoranir

Börnunum líður vel í leikskólanum, starfið er fjölbreytt og uppeldisstarf markvisst. Leikur, sjálfstyrking, málörvun og skapandi starf eru í öndvegi í leikskólastarfinu þar sem áhersla er á val, könnunaraðferðir og skapandi vinnu barnanna með opinn efnivið. Ný aðstaða, listasmiðja, skapar leikskólanum svigrúm til að efla enn frekar skapandi starf. Útinám hefur verið eflt og hefur einn af kennurum leikskólans sérhæft sig í útikennslu og fer reglulega með hópa í skógræktina í nágrenni skólans. Leikskólinn hefur sett sér metnaðarfulla skólanámskrá og mótað læsistefnu til ársins 2025.

Styrkja þarf leikskólann, bæta starfsaðstæður og skapa aukinn skilning og samstöðu um mikilvægi fyrsta skólastigsins og virðingu fyrir því. Leita allra leiða til að laða að fleira fagmenntað starfsfólk að leikskólanum, sem og að styðja ófaglært starfsfólk til menntunar. Tryggja þarf starfsfólki leikskólans aðgang að lögbundinni leikskólaráðgjöf og efla stoð- og skólaþjónustu. Mikilvægt er að efla tölvu- og tækjabúnað. Einnig að bæta kennslu barna af erlendum uppruna og barna með sértæka námserfiðleika. Efla þarf trú nemenda á eigin námsgetu og áhuga þeirra á námi, meðal annars lestraráhuga. Einnig að efla samstarf heimila og skóla, sem og að skapa aukin skilning á mikilvægi leikskólastigsins.


Samráðsfundur um styrkingu leikskólans í Stykkishólmi

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að skólastefna Stykkishólmsbæjar sé virk og að henni sé fylgt eftir. Líður í því er að efna til samráðsfunda um skólastefnuna þar sem rætt er um ákveðna þætti hennar, verkefnum forgangsraðað og aðgerðaráætlun gerð. Efnt var til fundar um styrkingu leikskólastarfs þriðjudaginn 15. ágúst 2023 kl. 12-16 í leikskólanum í Stykkishólmi.

Dagskrá:

- 12:00 – 12:30 Hádegisverður
Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri setti fundinn og tók að sér fundarstjórn
- 12:30 – 13:00 Um leikskólastarf í Stykkishólmi
Inngangserindi fluttu Elísabet Lára Björgvinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og Agnes Helga Sigurðardóttir, formaður skóla og fræðslunefndar
- 13:00 – 13:40 Umræður á borðum um helstu styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í leikskólastarfi í Stykkishólmi
- 13:40 – 14:20 Niðurstöður kynntar úr umræðuhópum
- 14:20 – 14:40 Kaffi
- 14:40 – 15:10 Forgangsröðun verkefna út frá niðurstöðum úr umræðuhópum
- 15:10 – 16:00 Aðgerðaráætlun til tveggja ára gerð og kynnt.

Þátttaka var góð og mættu um 50 manns á fundinn. Stuðst var við aðferðarfræði SVÓT greiningar á fundinum þar sem rætt var um starf leikskólans út frá fjórum hliðum (Nýsköpunarmiðstöð Íslands, 2015; Queensland Government, 2013).



Mynd 2: Svót greining

Var þátttakendum skipt í fjóra hópa sem ræddu eftirfarandi spurningar:

Styrkleikar leikskólastarfsins

- Hverjir eru helstu styrkleikar leikskólastarfs í Stykkishólmi?
- Hvað gengur vel?
- Hvaða innviðir og bjargir eru til staðar?
- Hverju þarf helst að hlúa að?
- Hvað einkennir starfið og starfsandann?

Veikleikar leikskólastarfsins

- Hverjir eru helstu veikleikar leikskólastarfs í Stykkishólmi?
- Hvað þarf helst að bæta?
- Hvað þurfum við að forðast?
- Hvaða innviðir og bjargir eru ekki til staðar?
- Hvað er auðvelt að bæta?
- Hvað er erfitt að bæta?
- Hvaða aðgerðir þarf að grípa til á næstu mánuðum?

Ógnanir við leikskólastarf

- Hverjir eru helstu ógnanir sem leikskólastarf í Stykkishólmi stendur frammi fyrir?
- Hvað þarf helst að bæta?
- Hvaða stuðning við starfið þarf að efla?
- Hvað hindrar að starfið gangi vel?
- Hvaða aðgerðir þarf að grípa til á næstu mánuðum?

Tækifæri til að styrkja leikskólastarfið

- Hvaða tækifæri eru í stöðunni til að styrkja leikskólastarf?

- Hvað er ekki verið að gera?
- Er hægt að efla samstarf aðila í sveitarfélaginu?
- Hvað getum við gert en erum ekki að gera í dag?
- Hvað er auðvelt að bæta?



Mynd 3: Umræður á samráðsfundi

Niðurstöður

Niðurstöður umræðunnar voru eftirfarandi og var þeim forgangsraðað af þátttakendum á eftirfarandi hátt:

Styrkleikar leikskólastarfsins

1. Börnum líður vel
2. Virðing er borin fyrir börnunum og hlýja
3. Hlúað er að menntun starfsfólksins
4. Starfið er fjölbreytt og metnaðarfullt
5. Umhverfið, náð samband við náttúruna og stutt í fjöruna og skóginn
6. Starfsfólkið er gott og flestir áhugasamir
7. Ímynd starfsfólks út á við er góð, bæjarbúar eru stoltir af leikskólanum og þykir vænt um hann
8. Vel er tekið á móti nýju fólki
9. Húsnæðið hentar vel og er aðlaðandi
10. Gott eldhús og matráður á staðnum
11. Útikennsla góð og átthagafræði
12. Vel unnin skólastefna
13. Viðmót starfsfólks til foreldra yfirleitt gott
14. Leikskólalóð er góð og vel er hlúað að útisvæði
15. Jákvæðni
16. Ekki langur biðlisti
17. Hópastarf og útikennsla gengur vel
18. Nálægðin

Veikleikar leikskólastarfsins

1. Vantar mannskap, mannekla, veikindi og mikið álag
2. Starfsánægju og starfsanda má bæta

3. Umbuna þarf starfsfólki sem hefur unnið lengi
4. Of mikil forföll og launalaus leyfi
5. Ljúka við skipulag styttingu vinnuvikunnar
6. Aðgengi að stoðþjónustu ekki nægilega gott
7. Laun ófaglærðra of lág
8. Of lítil virðing fyrir leikskólanum
9. Stjórnendur ættu að bæta samskipti við starfsfólk
10. Bæta salernisaðstöðu í skógi
11. Of mikill barnafjöldi
12. Ekki nægar upplýsingar til foreldra
13. Ekki næg fjölbreytni í mat
14. Ekki nægilegt samstarf milli skólastiga
15. Ekki nægilega gott umtal um skólastarfið frá starfsfólki
16. Starfsfólk ekki nægilega stolt af leikskólanum
17. Starfsaðstæður ekki eins góðar og í grunnskóla
18. Ekki nægur sveigjanleiki
19. Starfsfólk hefur ekki nægileg gott að gengi að íslenskunámi

Ógnanir við leikskólastarf

1. Fyrirkomulag á styttingu vinnutíma liggur ekki fyrir
2. Ör skipti á starfsfólki vegna veikinda og náms
3. Starfið og styrkleikar leikskólans ekki nægilega umtalað
4. Skortur á stoðþjónustu
5. Starfsaldur og reynsla ekki metin til launa
6. Samskipti ekki nægilega góð
7. Úrræðaleyfi fyrir börn, foreldra og starfsfólk í grunnskólalokunum - Bakland starfsfólks og foreldra ekki nægilega gott
8. Samanburður á milli skólastiga – fríðindi meiri á hærri skólastigum – sameiginlegt leyfisbréf
9. Hjóðvist
10. Fleygur á milli foreldra og leikskóla vegna krafna frá atvinnulífinu
11. Neikvæðni í samfélaginu og lítill skilningur
12. Kjarasamningar
13. Kynjahlutfall
14. Smæð leikskólans og samfélagsins og nándin
15. Pólítískar ákvarðanir
16. Framboð endurmenntunar í samfélaginu ekki nægilegt
17. Menningarmunur

Tækifæri til að styrkja leikskólastarfið

1. Samnýta aðstöðu, íþróttasal, tónlistarskólann, bókasafn og dvalarheimilið
2. Íþróttakennsla í sal, samþætting íþróttakennara GSS
3. Vatnssalerni í skóginn
4. Fá fleiri foreldra í samvinnu – efla samskipti við foreldra

5. Efla starfsfólk til menntunar, styðja við íslenskunám og fagmenntun
6. Aukið samstarf milli skólastiga
7. Efla leikskólaráðgjöf
8. Samstarf við félagsstarf og atvinnulíf
9. Auka virkni starfsmannafélagsins
10. Efla samstarf við tónlistarskólann og grunnskólann t.d. í vali
11. Auka heimsóknir á dvalarheimilið – kynslóðablöndun
12. Afar og ömmur taki þátt í verkefnum, t.d. kassabílasmiði
13. Nota umhverfið betur
14. Fyrirtækjaheimsóknir

Tillögur til úrbóta

Lagt er til að unnin verði aðgerðaráætlun til árs sem ávarpar þau atriði sem fram komu á fundinum. Þar þarf að vinna að því að:

- Halda því góða starfi á lofti sem unnið er í leikskólanum og það gert sýnilegt foreldrum og bæjarbúum.
- Endurskoða Skólanámskrá leikskólans í ljósi nýrra ákvæða í aðalnámskrá leikskóla og endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.
- Styrkja starfsfólks leikskóla til náms og starfsþróunar.
- Vekja athygli á aðlaðandi húsnæði, fjölbreyttu starfi og góðri leikskólalóð og útikennslu.
- Styrkja starfsandann í leikskólanum og skólabrag og gera leikskólann að aðlaðandi vinnustað.
- Koma á viðverustefnu og setja reglur um leyfi utan sumarleyfistímabilsins.
- Hafa vikupóst frá deildarstjóra um starfið að reglulegri hefð.
- Meta starfsaldur í formi viðurkenningar.
- Auka samstarf við grunnskóla (t.d. íþróttir), dvalarheimilið og nærsamfélag með reglulegum viðburðum sem settir eru í starfsáætlun leikskólans og þeim fylgt eftir. Liður í auknu samstarfi er að samnýta aðstöðu, íþróttasal, tónlistarskólann, bókasafn og dvalarheimilið.
- Koma á verklagsreglum um styttingu vinnutímans í samtali við foreldra og atvinnulífið.
- Bæta stoðþjónustu leikskólans, til dæmis með verktöku sérfræðinga um afmörkuð verkefni eftir þörfum leikskólans.



Mynd 4: Kynning á niðurstöðum umræðuhópa

Ofangreindar tillögur endurspeglar niðurstöður umræðna á samráðsfundinum en eru ekki tæmandi. Lagt er til að úrbótunum sé forgangsraðað, að verkin séu tímasett og ábyrgðaraðili settur á verkin.

Lokaorð

Afar metnaðarfullt og gott starf er unnið í leikskólanum í Stykkishólmi sem þarf að gera sýnilegt og tala vel um. Stjórnendur og starfsfólk má vera stolt af leikskólanum. Hlúa þarf að honum með auknu samstarfi leikskólans við nærsamfélagið og komu fram margar áhugaverðar tillögur þess efnis á fundinum sem gott væri að fylgja eftir. Stykkishólmsbær hefur alla burði til að styðja vel við starfsemi leikskólans og starfsfólk.

Með vinsemd,

Anna Magnea Hreinsdóttir

Heimildir

Leikskólinn í Stykkishólmi. (2016). *Skólanámskrá leikskólans í Stykkishólmi*. Höfundur.

https://www.stykkisholmur.is/static/files/skrar/stefnur/endursk_skolastefna_stykkisholmur_helgafellssveit.docx.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Styrking leikskólastigsins. Skýrsla starfshóps*.

Höfundur. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%3%b3lastigsins_sk%3%bdrsla%20starfsh%3%b3ps_%3%a1g%3%b3ast%202021.pdf

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. (2015). *SVOT- greining. Örnámskeið um svót-greiningu*.

Stykkishólmsbær og Helgafellssveit. (2022). *Endurskoðuð skólastefna fyrir Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit 2022-2027*. Höfundur.

https://www.stykkisholmur.is/static/files/skrar/stefnur/endursk_skolastefna_stykkisholmur_helgafellssveit.docx.pdf

Queensland Government. (2013). *Conducting a SWOT analysis*. Höfundur.